

## VIÐAUKI B

Svínasláturhús .....	VI. fl.	Kæli- og frystigeymslur .....	IV. fl.
Vinnsla á ferskum fiski .....	I. fl.	Flugvellir .....	VIII. fl.
Framleiðsla tilbúinna rétta .....	I. fl.	Seiðældi .....	IV. fl.
Mjólkurstöð .....	VI. fl.	Skotvellir .....	V. fl.
Ólgerðir .....	III. fl.	Skipasmíðar og -viðgerðir .....	VII. fl.
Kaffibrennslur .....	VI. fl.	Móttaka brotamálms .....	VI. fl.
Smjörlikisgerðir .....	VI. fl.	Hreinlætisvöruverksmiðjur .....	III. fl.
Kornmölun .....	VI. fl.	Lyfjagerð .....	VIII. fl.

## SAMÞYKKT

## um kattahald í Mosfellsbæ.

## 1. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggi þeim góða vist og sjái jafnframt til þess að þeir séu ekki á flækingi og af þeim stafi ekki ónæði og óþrifnaður.

## 2. gr.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Kattaeigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólöggráða barna sinna.

## 3. gr.

Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer.

## 4. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, með því að hengja bjöllu á ketti og takmarka útveru katta.

## 5. gr.

Ketti skal ormahreinsa reglulega, þ.e.a.s. einu sinni á ári eða oftar eftir þörfum. Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta. Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum þeirra.

## 6. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Heilbrigðisnefnd, heilbrigðisfulltrúi eða aðili sem hefur sérstakt umboð þeirra getur handsamað ketti. Hafir kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður. Allur kostnaður greiðist af eiganda.

## 7. gr.

Bæjarstjórn skal gera ráðstafanir til útrymingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

## 8. gr.

Eigendur katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari. Bæjarstjórn er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar áminningar um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að.

## 9. gr.

Mosfellsbær annast eftirlit með kattahaldi, samkvæmt samþykkt þessari, undir yfirstjórn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis. Leita má aðstoðar lögregluþyrvalda ef þörf krefur.

## 10. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum 26. júní 1996, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 18. febrúar 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

### I. KAFLI

#### Gildissvið.

##### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

### II. KAFLI

#### Um hafnagjöld.

##### 2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

##### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

#### Lestagjöld.

##### 4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 4,70 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.